

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 23. júlí 1992

um ákveðin skilyrði fyrir frávikum frá meginreglunni um klínísku rannsókn á hverju dýri sem er flutt til bandalagsins frá þriðju löndum

(92/432/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 91/628/EBE ⁽²⁾, einkum annarri undirgrein a-liðar 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Að því er varðar klínísku rannsóknina sem um getur í fyrsta undirlið a-liðar 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 92/496/EBE ber að skilgreina við hvaða aðstæður ekki er nauðsynlegt að fram fari slík rannsókn á hverju dýri í sendingu.

Þessi ákvörðun verður endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Ekki þarf að fara fram klínísk rannsókn á hverju dýri þegar um er að ræða dýr til slátrunar, sem ætlunin er að flytja beint í slátruhús, ef mörg dýr eru í sendingunni. Þar að auki þarf ekki að fara fram klínísk rannsókn á hverju dýri þegar um er að ræða:

- alifugla,
- fugla,
- fiskeldisdýr, þar með talinn fiskur,
- nagdýr, þar með taldir nartarar,
- býflugur og önnur skordýr,
- skriðdýr,

— aðra hryggleysingja,

— tiltekin dýr sem eiga að fara í dýragarða og eru talin hættuleg.

2. Klínísk rannsókn á dýrum sem um getur í 1. mgr. skal felast í athugun á heilbrigðisástandi og hegðun alls hópsins eða úrtaki hans. Í síðarnefnda tilvikinu er heimilt, með tilliti til niðurstaðna úr klínísku rannsókninni, að stækka úrtak dýra sem eru athuguð. Ef fyrrnefndar athuganir leiða í ljós afbrigðileika skal nákvæmari rannsókn fara fram ef þörf krefur.

3. Þegar um er að ræða lifandi fisk, krabbadýr og lindýr ásamt nagdýrum fyrir rannsóknarstofur sem vottað er að séu laus við sýkla og komið er fyrir í lokuðum umbúðum við stýrð umhverfisskilyrði, skal eingöngu fara fram klínísk rannsókn ef sérstök hætta er talin fyrir hendi sem tengist tegund eða uppruna eða í ljós kemur að um önnur frávik er að ræða.

4. Í tilvikum þegar of mikill fjöldi dýra af nautgripa-, sauðfjár-, geita- eða svínakyni sem ætluð eru til áframhaldandi eldis eru í sendingu má klínísk rannsóknin felast í:

— sjónrænni skoðun á dýrunum, og

— nákvæmari rannsókn á að minnsta kosti 10 % dýranna, þó 10 dýr hið minnsta, sem eru valin þannig að þau séu dæmigert úrtak úr allri sendingunni.

Ef fyrrnefndar athuganir leiða í ljós afbrigðileika skal nákvæmari rannsókn fara fram ef þörf krefur.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júlí 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.